



## 315. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund fimmtudaginn 29. janúar 2015 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

### Mætt voru:

**Hafdís Bjarnadóttir forseti bæjarstjórnar, HB**  
**Hrafnhildur Hallvarðsdóttir varamaður, HH**  
**Sigurður Páll Jónsson, SPJ**  
**Lárus Á. Hannesson, LÁH**  
**Ragnar Már Ragnarsson, RMR**  
**Helga Guðmundsdóttir, HG**  
**Sturla Böðvarsson, bæjarstjóri SB**  
**Þór Örn Jónsson, bæjarritari**

Forseti bæjarstjórnar, Hafdís Bjarnadóttir, setti fund og stýrði.

### Dagskrá:

#### 1. Fundagerðir bæjarráðs.

##### 1.1. Fundagerð bæjarráðs nr. 521, dags. 22.janúar 2015.

Fundagerð framlögð.

**Liður 1 skýrslur ráðgjafa SSV og R3-ráðgjöf varðandi fjárhagslega og rekstrarlega endurskipulagningu Stykkishólmsbæjar, dags desember 2014. Til fundarins mæta frá SSV Ólafur Sveinsson og Vífill Karlsson, frá R3-ráðgjöf Garðar Jónsson.**

Vífill Karlsson, Garðar Jónsson og Ólafur Sveinsson gerðu grein fyrir ráðgjafaskýrslum sínum. Viku gestir síðan af fundi.

##### **Liður 2 fundagerð skipulags- og bygginganefnd nr. 180**

Fundagerð framlögð.

##### **2.1. 1501014 - Skólastígur 7 - Endurnýjun á byggingarleyfi**

Guðrún Magnúsdóttir, kt.210157-2049 sækir um endurnýjun á byggingarleyfi frá 16.4.2012 fyrir hönd Björns Guðmundssonar kt.241281-3379. Breytingar utan- og innanhúss samkvæmt uppdráttum frá Brynjari Daníelssyni, kt.090467-5229. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi að uppfylltum skilyrðum sbr. gr.2.4.4. í byggingarreglugerð 112/2012 með síðari breytingum. (GÁ) Situr hjá undir þessum lið.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.



**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**2.2. 1403003 - Austurgata 7 - umsókn um byggingarleyfi og breytingu á starfsemi.**

Erindi frestað á fundi 179. Lagður er fram uppdráttur að útisvæði, 1.hæð og vindfangi við aðalanddyri við Austurgötu 7. Fyrir liggur skriflegt samþykki meðeiganda.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi að uppfylltum skilyrðum sbr. gr.2.4.4. í byggingarreglugerð 112/2012 með síðari breytingum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tóku:LÁH og SB**

**2.3. 1404005 - Nýrækt - Deiliskipulag**

Auglýsingatími á "Lýsingu" lauk 29.des.2014 og bárust engar skriflegar athugasemdir. Óskað var eftir umsögnum frá:

Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Skógrækt Ríkisins, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun og Vegagerðinni.

Umsagnir hafa borist frá Vegagerðinni, Náttúrufræðistofnun og Minjastofnun Íslands. Tillaga að deiliskipulagi frá Landlínunum er lögð fram.

Munnleg fyrirspurn barst um hvort ekki væri hægt að koma fyrir framtíðar aðstöðu/húsnæði fyrir dýralæknir á svæðinu.

Frestað þar til allar umsagnir hafa borist. Lagt er til að lóð númer 14 verði skipt upp svo hægt sé að koma fyrir aðstöðu/húsnæði fyrir dýralæknir á svæðinu.

**Til máls tóku:SB og LÁH**

**2.4. 1501016 - Silfurgata 13 - Eignaskipayfirlýsing og Reyndarteikningar**

Júlíus Georgsson, kt.160149-3379 (sækir um fyrir hönd Georgs Ólafssonar kt.260309-4639) og Krzysztof Wieslaw Kowalski, kt.040476-2379 sækja um samþykki eignaskipayfirlýsingar fyrir Silfurgötu 13 ásamt reyndarteikningum dags. 27.10.2014 frá Vektor, hönnun og ráðgjöf.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið að uppfylltum ábendingum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**2.5. 1408028 - Landsskipulag**



Tillaga til kynningar, Landsskipulagsstefna 2015-2026  
Skipulags- og byggingarnefnd gerir ekki athugasemdir við erindið.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

## **2.6. 1411040 - Aðalgata 3 og Austurgata 2 - ný lóðarblöð**

Erindi frestað á fundi 179. og óskað var eftir umsögnum og grenndarkynningu sem lauk 5. janúar 2015. Ein ábending barst, er varðar lagnir í jörðu.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir lóðablaðið og leggur til að skipulags- og byggingarfulltrúi geri nýja lóðarleigusamninga fyrir Aðalgötu 3 og Austurgötu 2.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tóku:LÁH,RMR,HG og SB**

## **2.7. 1501015 - Landsnet - Kerfisáætlun 2015-2024**

Kerfisáætlun 2015-2024, matslýsing.

Skipulags- og byggingarnefnd gerir ekki athugasemdir við erindið.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

Fundargerð samþykkt.

## **Liður 5 fundargerð Húsnæðisnefndar (63.fundur)haldinn 13.01.2015**

Fundargerð framlögð.

Samþykkt að fela bjarstjóra að ganga frá útleigu íbúðarinnar á grundvelli tillögu húsnæðisnefndar.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tóku:SB,RMR,HB,HG og LÁH**

Fundargerð samþykkt.

## **Liður 9 fundargerð Félags-skólaþjónustu(147.fundar) haldinn 13.01.2015**

Framlagt. Samþykkt að hækka grunnfjárhæð framfærslukostnaðar um 3,4% í samræmi við tillögu félagsmálanefndar Snæfellinga.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**



**Liður 11 invitation for the 35th International Hanseatic Day in Viljandi, 4-7 june 2015 Aðili : Hansestadt Viljandi**

Framlagt. Samþykkt að vísa erindinu til upplýsinga og kynningafulltrúa Stykkishólmsbæjar til kynningar hjá atvinnufyrirtækjum.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 12 bréf Fisk Seafood varðandi forvarnir og öryggismál starfsmanna, dags.desember 2014**

Framlagt. Samþykkt að vísa bréfinu til hafnarvarðar.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tók:SB**

**Liður 17 bréf Helgafellssveitar varðandi leigusamning á 33ha landspildu, dags.12.01.2015**

Framlagt. Bæjarstjóra falið að eiga viðræður við oddvita Helgafellssveitar varðandi málið á grundvelli gildandi samnings.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tóku:LÁH,HB,HG,SPJ og SB**

**Liður 20 bréf dags. 10.12.2014 frá Ungmennafélag Íslands varðandi ósk um umsóknir um að halda 28. Landsmót UMFÍ 2017**

Framlagt. Bæjarstjóra falið að kanna afstöðu HSH til mótahalds að höfðu samráði við önnur sveitarfélög á Snæfellsnesi.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 21 bréf Stígmóta varðandi fjárbeiðni fyrir árið 2015 dags. 10.12.2014**

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tóku:RMR,HB og SB**

**Liður 22 tillaga Lárusar Ástmars um FSN , ódags.2015**

Tillaga varðandi Fjölbrautarskóla Snæfellinga, FSN

Undirritaður leggur til að Bæjarstjórn Stykkishólms hafi forgöngu um að kalla saman til fundar bæjar- og sveitastjórnir þeirra sveitarfélaga sem standa að FSN. Einnig verði boðuð til fundarins skólameistari og aðstoðarskólameistara FSN auk skólanefndar FSN. Fundurinn verði



haldinn innan þriggja vikna.

Greinargerð: Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2015 eru rekstrar- og faglegir möguleikar FSN skertir verulega. Niðurskurðurinn byggir einkum á tveimur forsendum. Annars vegar er nemendaígildum við skólann fækkað úr 185 í 151 eða um 18,4%. Hins vegar að skólinn eigi að einbeita sér að ökjarnastarfsemið framhaldsskóla, sem sé að mennta dagskólanemendur á hefðbundnum framhaldsskólaaldri undir 25 ára. Skólinn eigi því ekki að sækjast eftir dreif- og fjarnemendum. Þessi niðurstaða fjárlaga er með öllu óásættanleg og mun veikja skólann verulega með ófyrirséðum afleiðingum.  
Lárus Ástmar Hannesson

Samkomulag um að fresta afgreiðslu tillögu fram á næsta bæjarstjórnarfund.

Breytingatillaga:

Undirritaður leggur til að Bæjarstjórn Stykkishólms beini því til skólanefndar FSN að kalla saman til fundar bæjar og sveitarstjórnir þeirra sveitarfélag sem standa að FSN. Einnig verði boðuð til fundarins skólameistari og aðstoðarskólameistara FSN.

Greinargerð: Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2015 eru rekstrar- og faglegir möguleikar FSN skertir verulega. Niðurskurðurinn byggir einkum á tveimur forsendum. Annars vegar er nemendaígildum við skólann fækkað úr 185 í 151 eða um 18,4%. Hins vegar að skólinn eigi að einbeita sér að ökjarnastarfsemið framhaldsskóla, sem sé að mennta dagskólanemendur á hefðbundnum framhaldsskólaaldri undir 25 ára. Skólinn eigi því ekki að sækjast eftir dreif- og fjarnemendum. Þessi niðurstaða fjárlaga er með öllu óásættanleg og mun veikja skólann verulega með ófyrirséðum afleiðingum.  
Lárus Ástmar Hannesson

### **Vegna tillögu LÁH leggja undirritaðir fram svofellda bókun og tillögu.**

Undirrituð lýsa vonbrigðum með fjárframlög til rekstrar FSN. Að undanfögnu hefur skólanefnd FSN og skólameistari lagt fram mikla vinnu með fundum, blaðagreinum og ályktunum þar sem leitast hefur verið við að tryggja sem best hagsmuni skólans við ákvörðun um fjárframlög úr ríkissjóði. Í því ljósi teljum við ekki tímabært að efna til sérstakra funda þar sem málið er í höndum skólanefndar og skólameistara sem við treystum fullkomlega til þess að vinna áfram að málum sem tryggja sem best hagsmuni skólans. Bæjarfulltrúar eru tilbúnir að mæta til fundar vegna málsins ef þess verður óskað. Því leggjum við til að fulltrúi í skólanefnd FSN Helga Guðmundsdóttir taki málið upp innan skólanefndar, en tillögunni verði vísað frá.

Hafdís Bjarnadóttir  
Sigurður Páll Jónsson  
Hrafnhildur Hallvarðsdóttir  
Sturla Böðvarsson



## **Tillaga samþykkt með fjórum atkvæðum gegn þremur.**

### **Bókun:**

Undirrituð sem fulltrúi ráðuneytis í skólanefnd FSN mun standa vörð áfram sem hingað til um hagsmuni FSN svæðinu til hagsbóta. Mjög mikilvægt er að sveitarstjórnarmenn á Snæfellsnesi styðji skólanefnd skólans með ráðum og dáð.  
Helga Guðmundsdóttir.

### **Til máls tóku:LÁH,SB,HH,RMR og HB**

## **23. 1501038 - Tillaga Lárusar varðandi sameiningu öldrunarþjónustu í Stykkishólmi, ódags.2014**

Tillaga varðandi sameiningu öldrunarþjónustu í Stykkishólmi í húsnæði HVE við Austurgötu  
Undirritaður leggur til að starfsfólk Dvalarheimilisins og sjúkrahússins auk stjórna stofnanna verði boðuð til fundar á næstu vikum til að fara yfir stöðu verkefnisins sem hefur verið í vinnslu frá 2011.  
Greinargerð: Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2015 er ekki gert ráð fyrir neinu fjármagni til verkefnisins. Verkefnið hefur verið í vinnslu frá 2011 og því mikil vonbrigði að þetta þarfa verkefni skuli vera komið í algjöra óvissu. Ég tel það vera algjört forgangsmál í Stykkishólmi að vinna að lausn þessa máls þar sem aðbúnaður á dvalarheimilinu er óviðunandi auk þess sem rekstrarstaða heimilisins er ekki góð.  
Lárus Ástmar Hannesson

Vegna tillögu LÁH leggja undirritaðir fram svofellda bókun .  
Eins og bæjarfulltrúar þekkja, hefur verið unnið fullum fetum að því, á vegum Stykkishólmsbæjar að tryggja sem best hagsmuni HVE og Dvalarheimilisins með því að mæla fyrir þeirri lausn sem felur í sér að sameina hjúkrunardeild HVE og Dvalarheimilið. Bæjarstjóri , forseti bæjarstjórnar og bæjarfulltrúar hafa átt fundi með ráðherrum, þingmönnum og ráðuneytisfólki síðustu vikur í þeim tilgangi að tryggja þá framvindu að öllum undirbúningi verði lokið hvað hönnun varðar svo framkvæmdir geti hafist þá þegar og fjármagn fæst til endurbóta á sjúkrahúsinu. Það liggur fyrir að í heilbrigðisráðuneytinu er fullur vilji til þess að fara þá leið sem vinnuhópur undir formennsku Jóhönnu Fjólu Jóhannsdóttur framkvæmdastjóri hjúkrunar og rekstrar HVE lagði til. Með tilvísun til þess sem að framan segir í þessari bókun lýsum við undirrituð yfir vilja til þess að efna til kynningarfunda um verkefnið í samræmi við tillöguna.

Bæjarstjóra falið að skipuleggja kynningarfundir fyrir starfsmenn í samstarfi við forstöðumenn Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.

Hafdís Bjarnadóttir  
Sigurður Páll Jónsson

**Tillaga samþykkt.**



**Til máls tóku:LÁH,HB,SB,HG og SPJ**

**24. 1501040 - Tölvupóstur varðandi álagning fasteignagjald skv. 5 og 6 gr. laga,dags. 22.01.2015**

Gildi rekstarleyfi sem Sýslumannsembættið gefur út, aðeins hluta úr ári, þá er eru fasteignagjöld lagt á húsnæðið í samræmi við það.

**Tillaga samþykkt.**

**Til máls tóku:LÁH og SB**

**25. 1501029 - Kjör endurskoðunarnefndar, dags.19.01.2015**

Erindið kynnt af bæjarstjóra. Tilnefning í endurskoðendanevnd frestað til næsta bæjarstjórnarfundar.

Tillagan um skipun Endurskoðunarnefndar samkvæmt ákvæði laga nr. 80/2008,

er þá þessi : **Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, Eggert Halldórsson og Guðmundur Lárusson.**

**Tillaga samþykkt.**

**26. 1501032 - Tilboð í fasteignirnar Skólastíg 11 og 11a og Hafnargötu 7, Stykkishólmi, dags.19.01.2015**

Eftirtalin boð bárust:

Hafnargata 7, frá Gistiver ehf kr. 33.000.000

Hafnargata 7, frá Bókaverslun Breiðafjarðar kr. 27.000.000

Hafnargata 7, frá Kristjáni Kristjánssyni kr. 19.012.015

Hafnargata 7, frá Sveini Arnari Davíðssyni o.fl vegna óstofnaðs félags kr. 17.100.000

Skólastígur 11, Skipavík ehf, hugmynd að samstarfi um byggingu Hótelis o.fl. óskað eftir viðræðum.

Bókun.

Tekin eru fyrir tilboð í eignir bæjarins að Hafnargötu 7 og Skólastíg 11 og 11a.

Bæjarráð þakkar þeim sem sendu inn tilboð í eignirnar og felur bæjarstjóra að undirbúa viðræður við hæst bjóðanda í Hafnargötu 7, sem er Gistiver ehf. og hinsvegar Skipavík ehf. sem býður í eignirnar við Skólastíg 11 og 11a og kalla eftir hugmyndum þeirra um nýtingu húsa og lóða sem tilboð byggja á. Einnig verði kallað eftir upplýsingum um áætlun um nýtingu húss og lóðar frá Bókaverslun Breiðafjarðar ehf. sem er með næst hæsta tilboð í Hafnargötu 7.

Bæjarráð leggur áherslu á nauðsyn þess að hugsanlegar viðbætur, breytingar og nýbyggingar á umræddum lóðum falli vel að byggðinni við Skólastíg, Hafnargötu og aðliggjandi svæði. Bjóðendur verði kallaðir til



fundar með bæjarráði og bæjarstjóra við fyrstu hentugleika.

22.1.2015  
Hafðís Bjarnadóttir  
Sigurður Páll Jónsson

**Tillaga samþykkt.**

**Til máls tóku:RMR,SB,HG og LÁH**

Fundargerð samþykkt.

## **2. Fundargerðir nefnda.**

- 2.1 Fundargerð - Skipulags- og bygginganefndar nr. 180 dags. 12.01.15.**  
Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.
- 2.2 Fundargerð Umhverfisnefndar Stykkishólmsbæjar nr.43 dags. 17.12.2014.**  
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.3 Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis Stykkishólms nr.87 dags. 15.12.2014.**  
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.4 Fundargerð Húsnæðisnefndar nr.63 dags.13.01.2015.**  
Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.
- 2.5 Fundargerð Hafnarstjórnar nr.72 dags.12.01.2015.**  
Fundargerð framlögð og samþykkt.  
**Til máls tóku:SPJ og SB**
- 2.6 Fundargerð Safna-og menningarmálanefndar nr.86 dags.15.01.2015.**  
Fundargerð framlögð og samþykkt.

## **3. Annað**

- 3.1 Samningur við Sæferðir vegna hafnargjalda.**  
Samningur framlagður og samþykktur. Lárus sat hjá vegna tengsla.  
**Til máls tóku:LÁH,SB og SPJ**
- 3.2 Ný gjaldskrá Stykkishólmshafnar fyrir árið 2015.**  
Gjaldskrá Stykkishólmshafnar fyrir árið 2015 samþykkt.  
**Til máls tók:SB**
- 3.3 Bókun vegna öryggis í fjarskiptaþjónustu.**

**Ályktun bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar vegna rofs á ljósleiðaratengingu við Snæfellsnes.**

Upp úr hádegi hinn 29. des sl. rofnaði allt ljósleiðarasamband við Snæfellsnes. Af þessum sökum urðu verulegar truflanir á símasambandi, útsendingum útvarps, sjónvarps og ekki síst var ómögulegt að ná nokkru netsambandi í tölvum. Netsamband komst ekki aftur á fyrr en langt var liðið á morgun þann 30. des. 2014.

Rof af þessum toga veldur gríðarlegum óþægindum fyrir einstaklinga og ekki síður fyrirtæki, sem eru meira og minna háð góðu netsambandi í starfsemi sinni.





Ekki verður hjá því komist við atvik eins og þetta að minna á mikilvægi þess að leitað verði leiða til þess að lágmarka möguleika á því að óhöpp af þessum toga geti átt sér stað.

Í því sambandi er mikilvægt að unnið verði að því að tenging Snæfellsness með ljósleiðara verði gerð öruggari, m.a. með tengingu frá norðanverðu nesinu yfir í Dali og þannig komið á hringtengingu ljósleiðaratengingar.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar beinir því til fjarskiptafélagsins Mílu, sem sinnir eitt fyrirtækja þessari þjónustu fyrir byggðir Snæfellsness, að fjarskiptakerfið verði byggt þannig upp að ekki sé hætt á að fjarskiptaþjónusta stöðvist svo sem gerðist 29. og 30. desember s.l.

Stykkishólmi, 26. janúar 2015  
Sturla Böðvarsson  
bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar

### **Samþykkt.**

#### **3.4 Umsókn um byggingalóð að Aðalgötu 17, Stykkishólmi.**

Samþykkt að úthluta lóðinni að Aðalgötu 17 til Miklagarðs ehf. Ragnar vék af fundi vegna tengsla.

**Til máls tók: SB**

#### **3.5. Bókun vegna leiguíbúða.**

##### **Tillaga að bókun bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar.**

Nokkrir aðilar hafa lýst áhuga á því að byggja leigu og söluíbúðir í samstarfi við Stykkishólmsbæ. Vegna þeirra erinda sem nú þegar liggja fyrir er gerð svofelld samþykkt í bæjarstjórn.

Bæjarstjóra er veitt heimild til þess að ganga til samninga um aðkomu bæjarins að hlutafélagi sem standi fyrir því að byggja og leigja eða selja íbúðir af hóflegri stærð. Framlag bæjarins í formi hlutafjár verði allt að jafnvirði gatnagerðargjalda viðkomandi bygginga að viðbættum áætluðum fasteignagjöldum í allt að þrjú ár. Náist samkomulag um slíkt verkefni verði samningur aðila lagður fyrir bæjarráð til umfjöllunar og endanlegrar samþykktar af hálfu Stykkishólmsbæjar.

Stykkishólmi, 26. janúar 2015  
Hafdís Bjarnadóttir  
Sigurður Páll Jónsson  
Sturla Böðvarsson

##### **Tillaga samþykkt.**

**Til máls tóku: LÁH, RMR, SPJ, HB og SB**

**Fundargerðin upplesin og samþykkt.**

**Fundi slitið kl. 19:17**

**Þór Örn Jónsson**